

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tékklands tók á árunum 1993, 1994 og 1995 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands frá 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, 1/1993 og 6/1993, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/93	23./24.04.93	Starfsreglur nefndarinnar	24.04.93
2/93	23./24.04.93	Stofnun undirnefndar sem fer með tolla- og upprunamál	24.04.93
3/93	23./24.04.93	Breytingar á bókun A	24.04.93
4/93	23./24.04.93	Breytingar og leiðréttingar á tæknilegum villum í viðaukum og bókunum	24.04.93
5/93	23./24.04.93	Breyting á bókun B og XIV. viðauka samningsins	01.06.93
1/94	31.01.94	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	31.01.94
2/94	15.03.94	Leiðrétting tæknilegrar villu í bókun A	15.03.94
3/94	15.03.94	Breyting á II. viðauka	15.03.94
4/94	15.03.94	Breyting á VIII. viðauka	15.03.94
5/94	15.03.94	Breyting á VI. viðauka	15.03.94
6/94	15.03.94	Ríkisaðstoð – Reglur um framkvæmd 4. mgr. 19. gr.	15.03.94
1/95	12.05.95	Breyting á VI. viðauka	12.05.95
2/95	12.05.95	Framlenging undanþágu frá ákvæði 23. gr. bókunar B	12.05.95
3/95	12.05.95	Breyting á V. viðauka	12.05.95
4/95	12.05.95	Breyting á VI. viðauka við bókun B	01.06.95

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.